

Sp.

384. Tillaga til þingsályktunar

um gæzlu- og björgunarskip fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Bergur Jónsson, Vilmundur Jónsson,
Finnur Jónsson, Sigurður Hliðar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja þegar samninga við slysavarnasveitir á Vestfjörðum um byggingu skips til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi fyrir Vestfjörðum og annan undirbúning, svo að byggingu skipsins verði lokið svo fljótt sem auðið er.

Greinargerð.

Á Vestfjörðum er mikill áhugi á því, að sameinuð verði björgunarstarfsemi og landhelgisgæzla, enda ekki annað sjáanlegt en að rekstrarkostnaður yrði óbærilegur, ef þessari starfsemi væri skipt. Slysavarnasveitir Vestfjarða munu nú hafa yfir að ráða um 50 þúsund krónum, en þar af er helmingurinn gjöf frá hjónunum Mariu Júlíu Gísladóttur og Guðmundi B. Guðmundssyni. Var sú rausnarlega gjöf afhent á þessu ári í þeim tilgangi, að hægt væri að hrinda byggingu björgunar- og varðbáts í framkvæmd nú þegar. Ríkisstjórnin hefir aftur til umráða andvirði Óðins til byggingar slíkra varðskipa.

Nánar í framsögu.